

AUGLÝSING um umferð í Sveitarfélaginu Árborg.

Að tillögu bæjarstjórnar Árborgar og samkvæmt 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður umferð breytt með eftirfarandi hætti og umferðarmerki sett upp samkvæmt því:

Stokkseyri:

Eyrarbraut verði aðalbraut og sett verði biðskyldumerki á alla botnlanga sem veita umferð inn á Eyrarbraut.

Selfoss:

Biðskylda verði á gatnamótum Ástjarnar við Langholt.

Við hringtorg á Tryggvagötu við Hólahverfi verði biðskylda gagnvart umferð um hringtorgið og sett verða upp biðskyldumerki, akstursstefnumerki og hringtorgsmerki.

Biðskylda verði á gatnamótum Dverghóla, Tröllhóla og Nauthóla sem liggja að Tryggvagötu, en hún er aðalbraut. Einnig verði biðskylda á Álfhólum gagnvart Norðurhólum.

Biðskylda verði á öllum götum sem liggja að Fossvegi, þar með töldum götum sem liggja frá fjölbýlishúsunum að Fossvegi 2, 4 og 6.

Biðskylda verði á Fossvegi við Eyrarveg, sunnan við Húsasmiðjuna.

Biðskylda verði á Jórutúni og Miðtúni gagnvart Ártúni.

Dreifbýli:

Viðvörunarmerki, A11.31, A11.36 og A11.37 verða sett á Kaldaðarnesveg, Holtaveg og „engjaveg“ á Eyrarbakka.

Efni þessarar auglýsingar tekur gildi frá og með birtingu hennar í Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum.

Lögreglustjórinn á Selfossi, 22. september 2003.

Ólafur Helgi Kjartansson.